



# Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. tbl. 20. árg. • Desember 2020



*Gleðilegt ár!*



# Leiðarinn

Óhætt er að segja að árið 2020 gleymist seint. Það er nú löngu orðin klisja að segja hluti einsog "fordæmalasir tímar", en það er nú samt það sem maður hugsar þegar litið er um öxl. Störf Björgunar-sveita eru í eðli sínu þannig að erfitt er að halda uppi venjubundnu starfi þegar samkomutakmarkanir eru í gildi og ekki laust við að heimsfaraldur Covid-19 haf sett strik í reikninginn þar eins og annarsstaðar. Nokkrum af okkar helstu fjáröflunarviðburðum var aflýst á árinu og ber þá helst að nefna Handverks-hátíðina sem haldin hefur verið í Hrafnagilsskóla síðastliðin 27 ár, en þetta er í fyrsta sinn sem henni er aflýst.

En það er nú svo, að neyðin kennir naktri konu að spinna, og má segja að menn hafi þurft að hugsa út fyrir kassann til að geta aflað tekna þetta árið. Hjálparveitinni bauðst að taka þátt í samstarfi við Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) í sumar og tóku nokkrir félagar þátt í gæslu o.fl. í sambandi við hið árlega Þorvaldsdalsskókk. Þetta var skemmtilegt verkefni sem innihélt fjölbreytt verkefni, m.a sjúkragæslu, fjarskipti og uppsetningu drykkjarstöðva. Þökkum við UMSE kærlega fyrir gott samstarf.



Frá gæslu í Þorvaldsdalsskókinu.

Námskeið í Leitartækni var haldið hjá okkur fyrstu helgina í október. Þátttakendur voru 5

og þar af 1 frá Björgunarveitinni Súlum. Eins og vant er, var námskeiðið blanda af bóklegu efni sem var farið í gegnum á glærum, bókleg verkefni og svo auðvitað verklegar æfingar úti í nágrenni Hrafnagilsskóla. Veðrið lék við þátttakendur og allt í allt var þetta mjög gagnlegt og skemmtilegt námskeið og kunnum við leiðbeinanda Björgunarskólans þakkið fyrir.



Fanney og leiðbeinandi á Leitartækninámskeiðinu.



Sigga og Fanney í sporarrákninu á Leitartækni 1.

Björgunarveitir hafa nýtt sér fjárfundatæknina eins og svo margir aðrir síðustu mánuðina. Meðal annars hélt Björgunarskólinn ýmis námskeið á því formi og tóku nokkrir félagar Dalbjargar þátt í þeim. Eins var tæknin notuð þegar fulltrúaráðsfundurinn var haldinn, stjórnarfundir innan sveitarinnar og upplýsinga- og fræðsluvöld á vegum SL.

Undanfarin ár hefur Dalbjörg heimsótt alla



Gyða Sjöfn Njálisdóttir.

bæi Eyjafjarðarsveitar í nóvember og selt Neyðarkallinn, ásamt því að selja rafhlöður í reykkyrnjara og skipta um rafhlöðurnar fyrir þá sem þess óska. Vegna ástandsins í ár var sölu Neyðarkallsins frestað fram í febrúar 2021. Þá var brugðið á það ráð að dreifa rafhlöðum í reykkyrnjara í alla póstkassa Eyjafjarðarsveitar og voru sveitungar jafnframt hvattir til að að huga að eldvörnum heimilanna og skipta um rafhlöður í reykkyrnjum ásamt því að prófa þá.

Hér var stiklað á stóru en okkar stærsta fjáröflun stendur nú fyrir dyrum. Flugeldasalan er fastur liður í starfi sveitarinnar en hún mun fara fram eftir "kúnstarinnar covid reglum" á milli jóla og nýárs. Sú nýjung verður í ár að það verður opin vefverslun þar sem hægt verður að panta flugeldana og svo einfaldlega sækja þá á sölustað. Við vonumst til að fólk taki vel á móti þessari nýjung og styðji okkur nú sem fyrr.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka félögum mínum í Dalbjörg fyrir óeigingjarnt starf og fórnfýsi í þágu samfélagsins, og óska þeim sem og sveitungum okkar, samstarfsaðilum og öðrum velunnurum gleðilegs nýs árs.

Gyða Sjöfn Njálisdóttir

## Vefverslun – nýjung í flugeldasölu!

Sú nýjung verður í ár að það verður opin vefverslun [dalbjorg.flugeldar.is](http://dalbjorg.flugeldar.is) þar sem hægt verður að panta flugeldana og svo einfaldlega sækja þá á sölustað. Við vonumst til að fólk taki vel á móti þessari nýjung og styðji okkur nú sem fyrr.

**Við hlökkum til að sjá ykkur!**



Flugeldasalan í Hrafnagilsskóla.



# Unglingadeildin Bangsar 2019-2020

Unglingadeildin Bangsar var stofnuð árið 2005 og hefur verið starfrækt síðan. Megintilgangur með svona starfsemi er að vekja áhuga unglunga á björgunarsveitastörfum og kynna sem flesta þætti starfsins fyrir þeim.

Síðasta vetur varð ein breyting á umsjónarmannateymi deildarinnar, þegar Davíð Almar Víðisson kom inn fyrir Eyðísi Sigurgeirsdóttur. Umsjónarmenn þennan vetur voru því bræðurnir Ágúst Örn og Davíð Almar Víðissynir.

Á fyrsta fundi var Dalbjörg kynnt fyrir krökkunum, létt var farið yfir starfsemi sveitarinnar og tækjabúnaður skoðaður. Reglulegir fundir voru haldnir út veturinn, margt brallað, mikið hlegið og síðast en ekki síst þá lærðu krakkarnir helling. Við hittumst nokkrum sinnum fyrir jól og fór sá tími mest í

að kynnast hvort öðru, starfsemi og búnaði. Eftir áramót var farið aðeins dýpra í nokkra þætti tengda björgunarsörfum. Í febrúar var farið í bæjarferð og heimsóttum við Slökkviliðið á Akureyri. Þar fengu krakkarnir mikla fræðslu beint í æð frá starfsmönnum á stöðinni. Annað sem farið var létt yfir voru hnútar, klifur, flutningur í börum og margt fleira.

Við enduðum starfseminna þennan vetur óvenju snemma vegna Covid-19 faraldursins en það síðasta sem við gerðum var alls ekki það síðasta. Þann 7. mars var haldið í sólarhringsferð upp í Réttartorfu. Sú ferð var gríðarlega vel heppnuð og komust allir heilir og sælir til byggða daginn eftir þrátt fyrir smá bilun í einum bílnum sem tók þátt í ferðinni.

Nú hafa þessir krakkar klárað sinn tíma í unglingsdeildinni og verða vonandi starfandi björgunarsveitarfólk í náinni framtíð, enda einstaklega góður hópur á ferð.

Ágúst Örn Víðisson  
umsjónarmaður



Úr unglingsdeildarferðinni.



Úr unglingsdeildarferðinni.



Hrafnabjargafoss.



Hópurinn við Hrafnabjargafoss (fjær en það sýnist, engin hætta á ferðum!)



Við Hrafnabjargafoss.



Heimsókn á slökkvistöðina.



Bílaflotinn á Hafursstaðaheiði.



Aldeyjarfoss.



# Hjálparsveitin Dalbjörg frá stofnun til dagsins í dag

Hér ætlum við að stikla á stóru um frambyggingu sveitarinnar allt frá



Vaskir menn eru hér að stöfum við að reisa gamla húsið, Bangsabúð.



Hér má sjá fyrsta bílinn, Ford Econoline, framan við Bangsabúð.



Hér er Éli fyrsti snjóbillinn, staðsettur við Grána.



Yamaha og Elmar?



Svona leit Land Cruiser jeppinn út þegar hann var keyptur.

stofnun til dagsins í dag. Það má með sanni segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar og fór sveitin úr því að vera lítil hugmynd nokkurra bænda í þá stóru og stæðilegu hjálparsveit sem hún er í dag.

Sagan byrjaði þannig að árið 1981 fóru hreppsnefndirnar í gömlu hreppnum þremur í Eyjafjarðarsveit að hugsa um að hvort ekki væri ráð að stofna Hjálparsveit til aðstoðar við sveitungana ef vá bæri að höndum. Í mars 1983 var Hjálparsveitin formlega stofnuð og var í fyrstu kölluð Hjálparsveitin framan Akureyrar, enda var fengin aðstoð frá þáverandi Hjálparsveit skáta á Akureyri sem leiðbeindu þessum hópi til að byrja með. Fljótt urðu menn þyrstir í meira sjálfstæði og fékk sveitin nafnið sem hún ber í dag, Hjálparsveitin Dalbjörg og gekk í Landsamband Hjálparsveita sem síðar varð Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Árið 1986 var ákveðið að byggja húsnæði fyrir sveitina og var það byggt við Steinhólaskála ásamt lagerhúsnæði fyrir Steinhólshjón, en þau voru sveitinni afar hliðholl.



Svona leit snjóbillinn út þegar hann var keyptur ..



.... og svona eftir yfirhalinguna.

Árið 1988, á fimm ára afmæli sveitarinnar, var húsið fullklárað, vígt og hlaut nafnið Bangsabúð.

Veturinn 1988-89 fékk sveitin sinn fyrsta bíl, Ford Econoline. Árið 1994 keypti sveitin gamlan snjóbil og þjónaði hann sínu hlutverki með nokkrum endurbótum. Árið 1997 var Land-Cruiser jeppi keyptur, sem sveitin á enn í dag. Sama ár var rekstrinum í Steinhólaskála hætt. Keypti Hjálparsveitin lagerýmið af þeim hjónum og átti þá Dalbjörg um 150 fm húsnæði.

Árið 1998 var fyrsti vélsleðinn keyptur, Polaris varð fyrir valinu. Haustið 2000 var vélsleðinn endurnýjaður og voru þá keyptir tveir Yamaha Ventura 700. Á árinu 2001 var snjóbillinn endurnýjaður þegar Éla (Snow Trak árg. 1966) var skipt út fyrir Leitner 250 árg. 1987, snjóbil með tönn.

Árið 2002 var smíðuð viðbygging eða forstofa við Bangsabúð til að auka við plássíð. Árið 2003 voru sleðar sveitarinnar svo endurnýjaðir í tvo Polaris SwitchBack 600. Árið 2004 var grunnur lagður að stofnun Unglingadeildarinnar Bangsa, sem starfar enn í dag undir leiðsögn umsjónarmanna frá hjálparsveitinni. Árið 2005 var keyptur nýr jeppi, Nissan Patrol.

Árið 2006 var Hálandisgæsla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar starfrækt í fyrsta skipti. Dalbjargarfélagar tóku auðvitað þátt og hafa gert síðan. Sama ár voru vélsleðar sveitarinnar endurnýjaðir, en þá voru keyptir Ski-Doo Renegade 600. Árið 2008 var undir-



Nissan Patrol jeppinn.



Hér stóð Dalbjörg fyrir opnum degi og var smellt í þessa finu hópmynd. Hér má einnig sjá viðbyggingu vel sem var byggð.



ritaður samningur við Slökkvilið Akureyrar um að Dalbjörg myndi manna hjálparlið í sveitinni fyrir slökkviliðið. Toyota Hiace bifreið var keypt það sama ár, ætluð til fólksflutninga. Árið 2009 var vélsleðum sveitarinnar skipt út fyrir Arctic Cat Crossfire 800.

Árið 2010 fór Toyota Land-Cruiser í mikla yfirhalingu, en meðal annars var bílnum breytt fyrir 44" dekk og fleira. Við endurnýjun vélsleða árið 2012 var ákveðið var að halda sig við sömu tegund og áður og hétu þeir Arctic Cat Sno Pro 800 að þessu sinni. Sama ár fékk snjóbílinn yfirhalingu, rafkerfið var lagað, smíðaðir nýjir oliutankar, toppgrind og stigar. Ný ljós voru sett á hann og síðast en ekki síst var bíllinn sprautaður rauður og merktur Dalbjörgu.

Fljótlega varð ljóst að húsnæðið væri ekki nægilega stórt með auknum tækjakosti og búnaði svo upp spruttu hugmyndir um upp-færslu á húsnæði. Íhugað var að við myndum reisa sjálf björgunarsveitarhúsnæði, en ekki varð af því. Niðurstaða húsnæðismála var sú að haustið 2013 keypti Dalbjörg gamla Blómaskálann Vín sem staðsettur er á Hrafnagili. Hófst þá mikil vinna við að breyta húsinu í björgunarsveitarhúsnæði eins og við vildum hafa það, og stendur sú vinna ennþá. Hlaut húsið nafnið Dalborg.

Árið 2014 var keyptur Dodge Ram 1500



Smári Sigurðsson á öðrum Ski-doo sleðanum í Laugafelli.



Arctic Cat Crossfire sleðarnir.



Hér er hluti af mannskap og tækjum framán við nýja húsið okkar, Dalborg. En frá því þessi mynd var tekin hefur m.a. verið skipt um þak.

sem breytt var til flutninga í vélsleðum sveitarinnar. Á sama tíma voru vélsleðar endurnýjaðir og að þessu sinni voru keyptir Arctic Cat M8000 Limited fjallasleðar.

Enn var bætt við tækjakostinn árið 2017, þegar keyptur var níu manna Volkswagen Transporter, 2006 árgerð. Bíllinn er fullgræjaður með fjarskipta- og tækjabúnaði, tilbúinn í útkall. Árið eftir voru keyptir tveir Polaris Switchback 850cc vélsleðar. Árið 2019 fór Patrolinn suður á land í mótorskipti. Í bílinn var settur Benz mótör og sjálf-skipting úr Patrol. Einnig var settur í hann gegnumgangandi stýristjakkur.

Af þessari stuttu sögu er ljóst að Hjálpar-sveitin Dalbjörg hefur vaxið og dafnað mikið frá stofnun sveitarinnar og hefur það áorkast vegna góðra og duglegra félaga. Það skal því hafa í huga að það skiptir ekki máli hvers konar breytingar við göngum í gegnum og hvað við eignumst mörg ný tæki og tól, nema góðir félagar séu til staðar. Alltaf er það mannaúdurinn sem skiptir mestu máli og sem allt mæðir á. Án öflugra félaga væri sveitin ekki stödd þar sem hún er í dag.

Bjarney Guðbjörnsdóttir,  
Ingvar P. Ingólfsson



Næstu Arctic Cat sleðar.



Svona lítur Land Cruiser bifreiðin út eftir breytingarnar.



Hér eru vaskir menn að skipta um þak á húsinu.



Dodge Raminn, stæðilegur með sleða á pallinum.



Fríðrik og Arnar taka við nýjum Arctic Cat sleðum hér.



Volkswagen Transporter bifreiðin klár í notkun.



Nýjstu sleðarnir fyrir framan skálann Bergland sem er staðsettur uppá Nýjabæjarfjalli. Og þetta eru jafnframt sleðarnir sem sveitin á í dag.



Hér eru jepparnir á fjöllum í blíðaskaparveðri.





# FLUGELDA MARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



## AFGREIÐSLUTÍMI:

- 28. desember kl. 13–22
- 29.–30. desember kl. 10–22
- 31. desember kl. 9–16
- 5. janúar kl. 19–21

Flugeldasími: 863 1271

Við erum komin með vefsíðu, [dalbjorg.flugeldar.is](http://dalbjorg.flugeldar.is)  
Hvetjum fólk til að versla við okkur á netinu



# HJÁLPARSVEITIN DALBJÖRG



Viðkomandi sækir pöntunina á sölustaðinn  
Við bendum á flugeldasímann fyrir frekari aðstoð



# Útköll og aðstoðarbeiðnir

## 7. janúar

Ábending barst vegna erlendra göngumanna sem ætluðu sér yfir hálandið. Von var á slæmu veðri næstu daga og fóru því tveir félagar til að ræða við göngumennina um stöðu mála.

## 7. janúar

Útkall barst vegna fastra bíla, m.a. í Laugalandsbrekkunni, á Akureyri og í Kræklingahlíð. Sjö félagar tóku þátt í verkefninu á Dalbjörg 1 og 2.

## 8. janúar

Aðstoð við bíl sem var skilin eftir nóttina áður á miðbraut.

## 5. mars

Þrjú félagar fóru í eftirgrennslan eftir tveimur göngumönnum á Eyjafjarðardal. Farið á Dalbjörg 1, 4, 6 og 7. Mennirnir fundust og voru ferjaðir til byggða ásamt búnaði.



Frá útkalli 5. mars á Eyjafjarðardal.

## 6. mars

Tveir félagar fóru á Dalbjörg 4, 6 og 7 og sóttu veika konu í Laugafell. Farið var inn Eyjafjarðardal, upp hlíðina í tungunum og þaðan í Laugafell. Konan var síðan ferjuð til byggða.



Frá útkalli 6. mars á Eyjafjarðardal.

## 15. mars

Átta félagar ásamt einum í svæðisstjórn, tóku þátt í útkalli vegna ófærðar á Öxnaldsheiði, en þar sátu um 50 bílar fastir. Farið var á tækjunum Dalbjörg 1, 2, 3 og 8.

## 22. mars

Aðstoðarbeiðni barst um að festa upp vindskaið á þakskeggi á Þórustöðum 6. Fjórir félagar fóru í verkefnið.

## 13. júlí

Útkall vegna slasaðs einstaklings í Afglapaskarði milli Prestsfjalls og Illviðrahjúks, á milli Hörgárdals og Hjaltadals. Fimm félagar fóru á Dalbjörg 2 inn á Hörgárdal.

## 22. júlí

Leit að konu á Akureyri. Fimm félagar ásamt tveimur í svæðisstjórn tóku þátt á Dalbjörg 2 og 3.

## 23. ágúst

Leit að tveimur mönnum í Gönguskarði og Garðsárdal. Fjórir félagar fóru á Dalbjörg 1 inn á Garðsárdal. Mennirnir komu í leitirnar þegar sveitin var komin inn að Helgárselsgili. Tveir félagar voru í svæðisstjórn.

## 4. nóvember

Óveðursútkall vegna lausra þakplatna. Sex félagar fóru á staðinn.



Frá útkalli 13. júlí á Hörgárdal.

## 29. nóvember

Aðstoðarbeiðni barst vegna rjúpnaskyttu sem hafði misst bíl sinn útaf á Vaðlaheiði. Tveir félagar fóru til aðstoðar á Dalbjörg 2.

Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár

UNSPORT

Bestu óskir um gleðileg jól  
og farsælt nýtt ár

BYGGINGAVERKTAKI  
BYGGIR

TAK

INNRETTINGAR



Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

**STEYPUSÖGUN NORDURLANDS**

Sími 864 2530

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **VÉLFANG**  
www.velfang.is

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **BLIKKRÁS EHF**

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **G Gröfur**  
Óseyri 2 • 603 Akureyri  
Sími 462 5700 • Fax 462 5701

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

**Bíla- og búvélaverkstæði  
Jóns Jónssonar**

Bestu óskir um  
*gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

  
BAKARÍE-VID BRÚNA  
Opíð virka daga frá kl. 7-18  
Um helgar kl. 7-16

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **Bústólpi**  
HJARTAD Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bestu óskir um  
*gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

  
**HÚSASMÍÐJAN**  
Lónsbakka • Sími 460 3500 • husa.is

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **ÁK SMÍÐI**  
 **Midstöð ehf**  
Ák Smíði ehf. • Sími 464 7870 • Midstöð ehf. • Sími 462 5625  
Lónsbakka • 601 Akureyri • aksmidi@aksmidi.is • midstod@midstodehf.is

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

  
**HRANASTAÐIR**

*Jólakveðjur*  
frá *Lupus Luna*  
- hönnun og smíði



Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **BB Byggingar ehf**  
Alhlíða byggingaverktaki S: 862-3329 868-6422

Bestu óskir um *gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 **BÚTUR**  
PIPULAGNINGARJÓNUSTA  
AKUREYRI  
Njarðarnes 9 - 603 Akureyri  
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

Bestu óskir um  
*gledileg jól*  
og farsælt nýtt ár

  
**VÉLSMÍÐJAN ÁSVERK**



# Molar

Kvenfélögin þrjú í Eyjafjarðarsveit; Kvenfélagið Aldan/Voröld, Kvenfélagið Hjálpin og Kvenfélagið lðunn hafa veitt Hjálparsveitinni Dalbjörg veglegan styrk með kaupum á sérhæfðum sjúkrabörum og hjólabúnaði, til þess gerðum að auðvelda flutning slasaðra. Sagt var frá þessu í síðasta blaði, en nú í sumar kom búnaðurinn til okkar og er vægast sagt glæsilegur. Við þökkum kvenfélögnum innilega fyrir þennan góða styrk.



Nýji búnaðurinn frá kvenfélögum sveitarinnar prófaður.

## Viðburðir, gæsla og fjáraflanir

### 14. janúar

Þriðji bekkur Hrafnagilsskóla komu í heim sókn í Dalborg og tóku tveir félagar á móti þeim.

### 3. mars

Nokkrir félagar fóru á ljósakynningu í H12, húsnæði björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri.

### 25. mars

Aðstoðað var við að koma nautum á bíl á Litla-Hamri.

### 9. og 13. apríl.

Aðstoð við að fara með girðingaeftni upp í Sigríðarskál.

### 20. júní

Þrjú félagar tóku þátt í gæslu vegna hjólræiðamóts á vegum Hjólræiðafélags Akureyrar.

### 27. júní

Fjórir félagar voru við gæslu á flugvelli vegna Flugdagsins.

### 27. júní

Kjördagur forsetakosninga, þrjú félagar voru við gæslu.

### 4. júlí

Fjórir félagar tóku þátt í gæslu í Þorvaldsdals-skokkinu.



Þorvaldsdalslaup. Fyrstu hlaupararnir að koma á 1. drykkjarstöð.

### 16. og 20. júlí

Aðstoð við vígslu Tjarnavirkjunar, 10 félagar tóku þátt.

### 30. og 31. júlí ásamt 7.-9. ágúst

Tjaldstæðið við Hrafnagilsskóla óskaði eftir aðstoð við gæslu vegna samkomutakmarkana. Félagar gættu hliðsins inn á svæðið fimm kvöld.

### 6. september

Tveir félagar voru við gæslu á Þverárrétt.

### 12. nóvember

Hjálparsveitin Dalbjörg fór með endurskinsmerki og gaf nemendum í Hrafnagilsskóla og leikskólanum Krummakoti.

### 26.-28. nóvember

Rafhlöðum í reykskynjara var dreift á alla bæi sveitarinnar endurgjaldslaust. Sala Neyðarkallsins fór ekki fram í ár.

## Æfingaferðir

Að vanda voru farnar æfingaferðir til að halda mannskap og tækjum við. Þar má nefna ferð sem farin var þann 18. janúar, þegar ellefu félagar fóru á tækjum sveitarinnar á Vaðlaheiði, Víkurskarð og Fnjóskadal. Þá var farin skreppa þann 19. júlí í Laugafell. Farið var á Dalbjörg 1 og 2, upp Bárðardal og niður Skagafjörð.

## Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur sveitarinnar var haldinn þann 13. júní 2020. Þá voru kosin í stjórn:

Gyða Sjöfn Njálisdóttir, formaður.  
Hreiðar Fannar Víðisson, varaformaður.  
Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri.  
Snædís Lind Péturssdóttir, ritari.  
Bjarki Jóhannsson, meðstjórnandi.

Almennir fundir á árinu voru fjórir, mun færri en venjulega. Vikulegir hittingar voru 18 og önnur vinnukvöld 36 talsins. Stjórnarfundir voru átta og einnig voru haldnir fundir í svæðisstjórn. Þá hélt unglíngadeild fjóra fundi.

## Námskeið

Dalbjargarfélagar sóttu ýmis námskeið á árinu, sem var þó auðvitað öðruvísi en venjulega. Eitt námskeið var haldið hér á staðnum, Leitar-tækni, en önnur voru sótt í fjarkennslu.

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 STRAUMRÁS hf.

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Frostagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)  
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 KRAFTBÍLAR

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár

 G.HJÁL MARSSON HF  
AKUREYRI



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um  
*gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
*farming innovators*  
og farsælt nýtt ár



**Lely Center Ísland**

Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414-0000 • Kt.: 450109-0100  
Óðinsnes 2 • 603 Akureyri • Sími: 464-8600

Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Sendum *Eyfirðingum*  
*okkar bestu jóla- og nýjárskveðjur*  
með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um  
*gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um  
*gleðileg jól*  
og farsælt nýtt ár



**SAMHERJI**







*Gledileg jól og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**FINNUR EHF**  
VERKTAKAR - VÉLALÉIGA